# Re: 2209074 - Ósk um umsögn,

| | |
|---|---|
| Búið til | 2.2.2023 15:55:45 |
| Höfundur | Snorri Sigurðsson |
| Sent | 2.2.2023 15:55:44 |
| Tilheyrir | 202301-0125 - Aðalskipulagsbreytingu fyrir Úthlíð í Bláskógabyggð - kynning - ósk um umsögn |

---

## Efni

Re: 2209074 - Ósk um umsögn,

## Upplýsingar / Vinnsla

| Upplýsingar | | Vinnsla | |
|---|---|---|---|
| Sent | 2.2.2023 15:55:44 | Staða | Innflutt |
| Eigandi | | Tímamörk | |
| Skjalalykill | 42.3 Umsagnir um skipulagstillögur | | |
| Lykilorð | | | |

## Þátttakendur

| | |
|---|---|
| Frá | Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is) |
| Til | ellisif@utu.is |
| Cc | eydis.l.finnbogadottir@ni.is |
| Bcc | Anna.Sveinsdottir@ni.is |

## Innihald

Góðan dag,

Tilvísun í mál nr. 202301-0125 (SS).

Vísað er í tölvupóst frá skipulagsfulltrúa Uppsveita bs, dags. 20. janúar 2023, þar sem óskað er eftir umsögn um aðalskipulagsbreytingu fyrir Úthlíð í Bláskógabyggð.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um skipulagslýsingu aðalskipulagsbreytingarinnar þann 17. nóvember 2022. Í þeirri umsögn kom fram að tilvonandi breyting á aðalskipulagi hafi einkum áhrif á svæði sem í dag er landbúnaðarland en að bæði hraun sem fellur undir ákvæði sérstakrar verndar skv. 61. grein laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og birkiskógar séu í næsta nágrenni og að hluta innan svæðisins. Náttúrufræðistofnun áréttaði í umsögninni að huga þurfi vandlega að því að dregið sé úr raski á þessum náttúruminjum eins og hægt er og einnig að aukin umferð fólks á svæðinu með stækkun verslunar- og þjónustusvæðis og ekki síst byggingu hótels fyrir allt að 180 gesti geti aukið álag á náttúru svæðisins.

Í umfjöllun um umhverfisáhrif aðalskipulagsbreytingarinnar kemur fram að áhrif á land og landslag verða neikvæð vegna breyttrar ásýndar svæðisins en að hægt verði að draga úr áhrifum bygginga með efnisvali og trjágróðri. Þá verði birki og annar gróður með hátt verndargildi fyrir raski á hluta svæðisins og áhrif metin

neikvæð. Náttúrufræðistofnun tekur undir þetta og telur mikilvægt að fylgt verði því eftir sem kemur fram í greinargerðinni að forðast verði að raska landi að óþarfa.

Frekari uppbyggingaráform eru í frístundabyggðinni í Úthlíð og telur Náttúrufræðistofnun mikilvægt að sveitarfélagið hugi að því að skilgreina betur t.d. með hverfisvernd hraun og birkikjarr sem vernda skal fyrir frekara raski. Í því felast einnig mikil gæði fyrir útivist á svæðinu.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við aðalskipulagsbreytinguna en áskilur sér rétt að athugasemdum við deiliskipulagstillögur á svæðinu þegar það á við.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection
.........................................................................................................
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8,  220 Garðabær.
Sími/Tel:  (354) 5 900 500.          www.ni.is (http://www.ni.is/)

NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

**From:** Ellisif Malmo Bjarnadóttir <ellisif@utu.is>
**Sent:** 20 January 2023 12:55
**To:** Skipulagsstofnun - SLS <skipulag@skipulag.is>; ust@ust.is; hsl@hsl.is; kristinn@minjastofnun.is; postur@minjastofnun.is; Vegagerðin - VG <Vegagerdin@vegagerdin.is>; Rannveig María Jóhannesdóttir - VG <rannveig.m.johannesdottir@vegagerdin.is>; Snorri Sigurðsson - NI <Snorri.Sigurdsson@ni.is>; Skógræktin - SR <Skogur@skogur.is>; veitur@veitur.is
**Cc:** Skipulag <skipulag@utu.is>
**Subject:** 2209074 - Ósk um umsögn,

Góðan dag

Við óskum hér með eftir umsögn á meðfylgjandi aðalskipulagsbreytingu í kynningu fyrir Úthlíð í Bláskógabyggð.

Kynning er í auglýsingu frá 19.jan. til 9.feb. 2023

Bestu kveðjur,
F.H. Skipulagsfulltrúa
Ellisif Bjarnadóttir
______________________________  
Ritari skipulagsfulltrúa

Umhverfis- og

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.
Dalbraut 12, Laugarvatni
Sími: 480 5550
Netfang: ellisif@utu.is (mailto:ellisif@utu.is); skipulag@utu.is (mailto:skipulag@utu.is)
Vefsíða: www.utu.is (https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.sbf.is%2F&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7C2f38787ff56840fb31cf08db02a2d8c5%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638106671030703740%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWIjoiMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzIiLCJBTiI6Ik1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=YmEU5gGjihDmOiRDtjYzfHse3Nqm8mykN2v1Vh%2BWZd8%3D&reserved=0)
Þú sérð afgreiðslur erinda þinna í pósthólfinu þínu á island.is (https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.island.is%2F&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7C2f38787ff56840fb31cf08db

02a2d8c5%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638106671030703740%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWIjoiMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzIiLCJBTiI6Ik1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=q3L8s7BuVtVoOQt1AzwbY5ViOsVwkTxFcGLA6YKzK%2Fo%3D&reserved=0) (mínar síður)